



## Fundargerð

12. fundur framtíðarnefndar Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

16. september 2020, kl. 15:00

Viðstaddir: Kolbrún Jóna Pétursdóttir formaður, Andri Örn Víðisson, Styrmir Gauti Fjeldsted, Súsanna Björg Fróðadóttir, Ríkharður Ibsensson, Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Betri Reykjaneshæ (2019100329)

Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir, deildarstjóri Þjónustu og þróunar, mætti á fundinn og kynnti tillögu um breytingar á verklagi vegna vefsins Betri Reykjaneshæ.

Framtíðarnefnd samþykkir tillöguna með framkomnum breytingum og leggur til að gert verði ráð fyrir fjármagni í verkefnið við gerð fjárhagsáætlunar 2021-2024.

### 2. Atvinnuþróunarstefna Reykjaneshæjar (2020010477)

Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri atvinnu- og viðskiptaþróunar, mætti á fundinn og sagði frá vinnu við atvinnuþróunarstefnu Reykjaneshæjar.

Framtíðarnefnd tekur undir áhyggjur annarra Suðurnesjamanna um stöðu atvinnulífs á svæðinu og afkomu íbúa. Afleiðingar heimsfaraldurs með fækkun ferðamanna til landsins hafa haft veruleg áhrif á íbúa Suðurnesja og eru allar líkur á að veturinn verði þungur hjá íbúum svæðisins. Skorar framtíðarnefnd Reykjaneshæjar á ríkisstjórn Íslands og þingmenn svæðisins að eiga frekari samtöl við sveitarstjórnarmenn og atvinnulífið um lausnir á vandanum. Fjöldmörg verkefni eru komin nógu langt til að vera vel til þess fallin að gefið verði í og hafist handa við að koma þeim í framkvæmd.

### 3. Uppbygging innviða fyrir rafbíla í Reykjaneshæ (2020090208)

Halldóra G. Jónsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra, fór yfir hugmyndir um uppbyggingu innviða fyrir rafbíla í Reykjaneshæ.

Framtíðarnefnd mun vinna málið áfram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55.